

LYKILUPPLÝSINGAR FJÁRFESTA

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar um þennan sjóð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í sjóðnum.

IS Skuldabréfasafn (kt. 540711-9920, ISIN: IS0000020634)

Sjóður þessi er rekinn af Íslandssjóðum hf. (kt. 690694-2719), dótturfélagi Íslandsbanka hf.

MARKMIÐ OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga, fyrirtækja og fjármálafyrirtækja og innlánnum.

Fjárfestingarstefna

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, fyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í innlánnum fjármálafyrirtækja. Sjóðurinn mun ekki fjárfesta í afleiðum. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 80% eigna sinna í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð hans á grundvelli 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Arður

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

Fjárfestingartímabil

Ráðlegging: sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 3ja ára.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Kauppantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Kauppantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum. Sölu-pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að fimm virkum dögum liðnum (T+5). Sölu-pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta eru afgreiddar að sex dögum liðnum.

Lágmarksfjárhæð viðskipta eru 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

ÁHÆTTA OG ÁVÖXTUN

Minni áhætta

Meiri áhætta



Yfirleitt lægri ávöxtun

Yfirleitt hærri ávöxtun

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættumælikvarðinn mælir áhættuna vegna verðsveiflna. Mælingin byggir á sögulegum vikulegum gögnum um verðsveiflur sjóðsins síðustu 5 ár. Sjóðurinn mælist í 2. flokki áhættumatsins. Það þýðir að kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir hættu á verðsveiflum. Áhættumælikvarðinn getur breyst milli tímabila.

Takmarkanir áhættumælikvarðans:

- Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð

- Áhættuflokkunin sem er sýnd hér að ofan er ekki tryggð og gæti breyst
- Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki „áhættulaus“

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum en áhættumælikvarðinn nær ekki yfir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta.

Nánari umfjöllun um áhættu er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.islandssjodir.is.

GJÖLD FYRIR ÞENNAN SJÓÐ

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.


Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	0,80%
Gjald við sölu	0,00%
Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er og áður en afrakstur af fjárfestingu þinni er greiddur út.	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	1,06%
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður	
Árangurstengd þóknun	Á ekki við

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2021. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilinn er viðskiptakostnaður vegna eignasafns.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.islandssjodir.is.

FYRRI ÁRANGUR



Ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Allar ávöxtunartölur eru í ISK að frádregnum kostnaði (umsjónarlaunum, viðskiptakostnaði og öðrum kostnaði sem fellur á sjóðinn).

Gjaldmiðill sjóðsins er ISK.

Sjóðurinn hóf rekstur þann 13. september 2011.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Vörsluaðili:	Íslandsbanki hf.
Nánari upplýsingar:	Frekari upplýsingar um sjóðinn, útboðslýsingu sjóðsins í fullri lengd, almenna viðskiptaskilmála, upplýsingablað, gengi sjóðsins og ársskýrslur frá Íslandssjóðum má nálgast á www.islandssjodir.is . Upplýsingar um starfskjarastefnu Íslandssjóða og samsetningu starfskjaranefndar má nálgast á www.islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir . Prentuð eintök eru einnig fánleg án endurgjalds á skrifstofu Íslandssjóða.
Skattar:	Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.
Ábyrgð:	Íslandssjóðir hf. er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við hluta af útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir hf. hafa starfsleyfi á Íslandi og heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þessar lykilupplýsingar eru réttar m.v. 1. desember 2022.